

Ársskýrsla 2006

Starfsemi Bókasafns Akraness og Héraðsskjalasafns Akraness var að mörgu leyti á krossgötum árið 2006.

Í ársbyrjun ákvað bæjarstjórn að undangenginni þarfagreiningu að söfnin í Bókhöðunni færu í nýtt húsnæði og deiliskipulagi breytt í kringum Heiðarbraut 40. Í byrjun maí var undirritaður kaupsamningur á milli Fasteignafélags Akranesbæjar og Smáragarðs ehf. þar sem að Fasteignafélag Akranesbæjar kaupir hluta af verslunarmiðstöðinni að Dalbraut 1, miðbæjarsvæði, fyrir Bóka- og skjalasafn Akraness.

Um var að ræða ca. 1300 fm. húsnæði, allt á einni hæð í stað 1000 fm á þremur hæðum á Heiðarbrautinni.

Nýja húsnæðið yrði hannað með tilliti til þarfa safnanna og hófst vinna með arkitektum hjá Skapa og Skerpa, Þjónustumiðstöð bókasafna og Magnúsi H. Ólafssyni ráðgjafa vegna skjalageymslna, strax í upphafi ársins og var vel á veg komin er nýr meirihluti bæjarstjórnar ákveður að hætta við flutninginn og fara í endurbætur á Heiðarbraut 40.

Enn hefur ekki verið gerð endurbótaáætlun og setur þessi óvissa starfsemi safnana í slæma stöðu. Þrengsli og óviðunandi starfsaðstöðu þarf að leysa svo söfnin geti þjónað sínu hlutverki.

Góð staðsetning er mikilvæg fyrir bókasöfn. Þau þurfa að vera í alfaraleið með góðu aðgengi. Fólk sækir bókasöfn ekki eingöngu til þess að fá lánaðar bækur, heldur færast það stöðugt í vöxt að fólk kemur og eyðir sínum frítíma á söfnum, skoðar blöð, tímarit, sýningar og notar aðgengi að tölvum, námsaðstöðu og upplýsingaþjónustu.

Lykiltölur 2006 – bókasafn :

Útlánuð gögn 52.325 (52.831), sem er mjög svipað og árið 2005.

Útlán á íbúa 8.88 safngögn (9.1)

Skráðir lánþegar í des 2006: 1.327

Gestir: 32.000 að meðaltali 112 gestir á dag

Heimsóknir (skipulagaðar) leikskólabarna: 21, gestafjöldi: 276 börn

Heimsóknir grunnskólanema: 11, gestafjöldi: 164 börn

Heimsóknir barna á leikjanámskeiðum: 9, 166 börn

Þjónustutími: 42/39 klst á viku /þjónustudagar: 280

Netkaffitölvur: 10 gestir á dag / 2800 á ári

Skipalán

Bækur og önnur safngögn voru lánuð í þrjú skip.

Starfsfólk

Starfsfólk í bókasafni 7 manns í 5.27% stöðugildum.

Starfsfólk í skjalasafni / ljósmyndasafni: Eitt stöðugildi og átaksverkefni (100%) í 6 mánuði.

Fastráðinn starfsmaður lét af störfum í október.

Meningarmála- og safnanefnd:

Magnús Þór Hafsteinsson formaður, Bergþór Ólason, Hjördís Garðarsdóttir, Valgarður L. Jónsson, Björn Elísson. Jón Pálmi Pálsson sviðsstjóri menningar- og safnamála situr fundi nefndarinnar.

Námsverið Svöfusalur:

Þar stunduðu 21 nemendur fjarnám í reglulegum fjarfundum frá Háskólanum á Akureyri. Á vorönn luku 6 námi frá leikskólabraut Háskólans á Akureyri.

Svöfusalur, námskeið: Dagforeldrar (feb-mars) ; Sorg og sorgarviðbrögð

Barnastarf:

Sögustundir voru á miðvikudögum yfir vetrarmánuðina og að jafnaði mættu 4 börn. Fyrri hluta ársins voru þær kl 15-15.45. Auk þess að lesa fyrir börnin var þeim boðið að lita og teikna er lestri og söng lauk. Í október var tímanum og fyrirkomulagi breytt. Lögð var áhersla á upplestur úr nýjum bókum og að börn skoðuðu bækur að lestri loknum. Lesstundin var á miðvikudögum kl 17 – 17.30.

Yfir vetrarmánuðina eru skipulagðar heimsóknir leikskólabarna og komu börnin m.a. á bangsadagsþema í október, í norrænu vikunni í nóvember.

Sumarlestur 6- 10 ára barna stóð yfir frá 1. júní – 15. júlí. Fjöldi þátttakenda var 51 barn en 20 skiluðu lesblöðunum sínum og lásu þau 272 bækur eða 8522 blaðsíður. Meðaltal 13.6 bækur á þátttakanda. Þetta var tilraunverkefni í samvinnu við Brekkubæjarskóla, sem gaf góða raun og verður unnið með báðum grunnskólunum framvegis.

Reglulegar heimsóknir voru frá leikjanámskeiðum Skátafélagsins. Á vegum bókasafnsins tók sögukonan Þóra Grímsdóttir og starfsfólk bókasafnsins á mót þeim og sagðar voru sögur. Að venju kom 4. bekkur grunnskólabarna í safnkynningu. Nemendur fá kynningu á starfsemi safnsins, kynntar reglur safnsins, húsakynni skoðuð og leitað í Gegni (bókasafnskerfinu).

Almenningsbókasöfn á Vesturlandi sáu um ljóðsamkeppnina “Ljóð unga fólksins 2006”, en það er Þöll, samstarfshópur um barnamenningu á bókasöfnum sem stendur að keppninni. Þátttökusöfnin voru 21, víðs vegar um landið.

Að þessu sinni bárust um 800 ljóð frá 550 höfundum. Þátttakendum var skipt í tvo aldurshópa, 9 - 12 ára og 13 - 16 ára. Fleiri ljóð bárust frá yngri hópnum og nokkur munur var á hópnum hvað yrkisefni og úrvinnslu varðar.

Bókin heim og þjónusta við stofnanir

Það voru um 13 aðilar sem fengu reglulega safnefni frá bókasafninu í gegnum þjónustuna Bókin heim. Samtals var lánað 2284 safngögn og voru hljóðbækur þar af 1213.

Á Dvalarheimilinu Höfða var farið tvisvar í mánuði og voru þar 17 manns sem notfærðu sér bókasafnsþjónustu.

Á SHA fer bókavörður tvisvar í viku og að meðaltali notuðu 48 aðilar þjónusta í hverjum mánuði.

Aðföng

Lokið var tengingu safnkosts er áður var í gamla bókasafnskerfinu Mikromarc.

Eintakatölur í lok ársins voru:

- Snældur / hljóðbók 474
- Bækur 39.364
- Geisladiskar 470
- Geisladiskur/hljóðbók 84
- Tölvugögn 50
- Mynddiskar 259
- Innb. tímarit 779
- Tímaritshefti 8.267
- Gagnasett 1

- Handrit 3 Kort 9
- Myndbönd 543

Samtals: 50.303

Afskrifuð safngögn voru 1412.

Þá er ótengdur safnkostur í Haraldssafni um 4.000 eintök.

Bókasafnið er áskrifandi 80-90 tímaritum og tekur þátt í kostnaði á rafrænum tímaritum og gagnasöfnum á hvar.is.

Vefsíða bókasafnsins

Ingibjörg Þóroddsdóttir, deildarstjóri hefur umsjón með vef safnsins og setur þar inn gagnlegar fréttir úr starfsemi safnsins. Vefsíðan www.akranes.is/bokasafn er mikilvæg í daglegu starfi safnsins.

Sýningar í anddyri:

Erla Sigurðardóttir sýnir bókaskreytingar “Draumar marglyttunnar”, febrúar-mars

Bókasafnið í nýjum húsakynnum, útlitsteikningar til sýnis í anddyrinu , apríl- maí.

Friðriks Jónssonar, málverkasýning (27. júní – 15. ágúst)

Sveinn Guðbjarnarson, málverkasýning (ágúst-sept). Sýnd málverk sem listamaðurinn gaf Akraneskaupstað í aprílmánuði.

Skátastarf á Akranesi í 80 ár, 1926-2006 (nóv-des)

Safnarasýningar

“Fílar” í eigu Svönu Jónsdóttir

“Litlar dósir”, Steinunn Ólafsdóttur, kaupmaður í Pennanum

“Jólakerti” Guðrúnar Erlu Guðlaugsdóttur (des)

Gjafir:

Auður og Rúnar Guðjónsson komu og færðu safninu gjafir frá Sigrúnu Ástrósu ekkju Haralds Sigurðssonar, en Bókasafn Akraness hýsir einstakt einkasafn þeirra hjóna.

Þýskar bækur, gjöf frá Úrsúlu Karlsdóttur þýskukennara í FVA.

Ásmundur Uni Guðmundsson færir safninu fágætar útgáfur af rímum.

Auk þess fjöldi annarra bóka- og tímaritagjafa.

Annað

Á Vökudögum, 2.-9 nóvember, var upplestur úr væntanlegri bók um Skátastarf á Akranesi.

Útgefandi er Uppheimar, Akranesi. Samhliða var sett upp sýning á gögnum úr skjalasafni félagsins og var hún staðsett í anddyri Bókhöðunnar.

Norræna bókasafnavika haldin hátíðleg 13.-19 nóvember. Góð aðsókn gesta, skipulagðar heimsóknir leikskólabarna sem tóku þátt í þema vikunnar og hlustuðu á sögur um Einar Áskel og Fróða og grislingana. Dagskrá unnin í samvinnu við Norræna félagið á Akranesi og var haldinn félagsfundur í Norræna félaginu í tengslum við dagskrána.

Á aðventunni gafst safngestum kostur á að þiggja bókamerki “Íslensku jólasveinarnir”, um leið og þeir týndust til byggða. Teiknari og hönnuður Sýlvía Dröfn Björgvinsdóttir.

Skjalasafn / ljósmyndasafn

Helgi Steindal deildarstjóri sagði upp störfum í október. Hann starfar þó enn í Bókhöðunni, því hann tók að sér afleysingu bókavarðar í fæðingarorlofi.

Meðal skjalaafhendinga á árinu má nefna Póstkortasafn Jóhönnu J. Jósefsdóttur (d. apríl 2006), sem er mjög stórt póstkortasafn og einstakt á sínu sviði.

Fjöldi mynda í ljósmyndasafni um árslok eru 25.000. Fjöldi fyrirspurna og ábendingar til vefstjóra ljósmyndasafns eru þrjár á dag, en þá eru ótaldar allar heimsóknir á vefinn.

Samstarfsverkefni bókasafna

Forstöðumaður er í stjórn Aleflis, notendafélags Gegnis og formaður Félags um Vefbókasafn, fram að aðalfundi í október, en þá urðu formannsskipti samkv. lögum félagsins.

Starfsfólk tók þátt í fundum og námskeiðum barnabókavarða, um barnastarf í almenningsbókasöfnum. Þá er gott samstarf við skólasafnskennara í grunnskólunum .

Bókaverðir á Akranesi (Fjölbrautaskóla, Brekkubæjarskóla, Grundaskóla, Landmælingum og Bókasafni Akraness) hittast reglulega og funda um sameiginleg mál safna.

Maí 2007

Halldóra Jónsdóttir